

Seltjarnarnesbær
Örn Þór Halldórsson,
skipulags- og byggingafulltrúi
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. júní 2011
Tilvísun: UST20110600168/ksj

Tillaga að deiliskipulagi Lambastaðahverfis, Seltjarnarnesi. Umsögn

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Seltjarnarnesbæjar er barst 18. maí sl. og aftur 20. júní, þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi Lambastaðahverfis sem er hverfi austarlega í sveitarféluginu Seltjarnarnesbær og liggur að sjó.


Lambastaðahverfi, fjaran


Lambastaðahverfi á Seltjarnarnesi liggur að sjó og er fjaran á því svæði við Skerjafjörð, sem unnið er að friðlýsingu á. Í tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar að verndun svæðisins sem fram kemur í Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 eru mörk svæðisins: Fjara og grunnsævi frá Bala að Álfanesi yfir Skerjafjörð og norður fyrir Gróttu í land við Byggarð. Allar fjörur innan þessara marka og land neðan byggðar, ásamt Bessastaðanesi og Gálgahrauni. Tillagan er um að vernda svæðið sem búsvæði og í svæðislýsingu segir um verndargildi svæðisins m.a.: „*Strand- og sjávarsvæði í péttbýli. Fjölbreyttar tjarnir, fjörur og grunnsævi með auðugu lifríki. Þangfjörur.*“ Einnig kemur fram að: „*Grunnsævi með miklu botndýralífi. Fjölbreytt fuglalif allt árið, mikilvægur viðkomustaður farfugla og sjöldgæfar fuglategundir.*“ Nú þegar hafa fjörur Skerjafjarðar sem liggja innan Garðabæjar verið friðlýstar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að óþarfa raski á fjöru sé haldið í algjöru lágmarki.

Aðgengi almennings

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 23 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd kemur fram að: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár-, eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.“ Að mati Umhverfisstofnunar þarf aðgengi almennings að vera tryggt meðfram sjávarbakka innan Lambastaðahverfis.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Viroingarfullst

Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun